

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Tengivirki á Hellu, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. febrúar 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir tengivirki Landsnets á Hellu. Landsnet vinnur að verkhönnun stækkunar tengivirkisins á Hellu í tengslum við styrkingu dreifikerfisins á Suðurlandi. Fyrir liggur að lengja þarf rofasalinn um 4-5 metra, sem er með 66kV rofabúnaði. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 28. febrúar 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. mars 2023